

STAÐA MÁLS

Málnr.:	19-085F023
Dags:	9. júní 2019
Staður:	Um 1 km austan við flugvöllinn í Múlakoti
Lýsing:	Brotlenti í beygju inn á lokastefnu
Staða máls:	Júní 2020: Drög að lokaskýrslu í yfirferð nefndarinnar

Flugvél N3294P (Piper PA-23) var í umferðarhring við flugvöllinn í Múlakoti þegar hún brotlenti.

Flugvél N3294P var að koma frá Djúpavogi, en henni hafði verið flogið þangað frá Múlakoti fyrr um daginn með viðkomu í Vík í Mýrdal.



Við rannsóknina hefur RNSA meðal annars tekið til ítarlegrar skoðunar kerfi flugvélarinnar, hreyfla, viðhald, veður, flugáætlun, eldsneyti, hleðslu og afköst.